

# Stjórnarfundur FEB nr. 476 miðvikudaginn 24.ágúst 2022 kl. 14.05 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

**Mættir aðalmenn:** Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Kolbrún Stefánsdóttir og Geir A. Guðsteinsson.

**Fjarverandi aðalmaður:** Kári Jónasson.


**Mættir varamenn:** Halldór Frímannsson, Viðar Eggertsson og Kristján Árnason.

Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

## Dagskrá:


1. Skriflegt erindi barst til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík dagsett 9. ágúst 2022 frá Páli Trausta Jörundssyni, formanni hússtjórnar Árskóga 1 og 3. Erindinu var svarað á fundinum og ákveðið var að senda formanni hússtjórnar Árskóga 1 og 3 svarið fyrir lok vikunnar.
2. Rædd staða Leigufélags aldraðra. Formaður stjórnar gerði grein fyrir stöðu byggingaframkvæmda þar sem fram kom að byggingakostnaður á hvern fermetra næmi um 500 þús. kr. við Vatnsholt. Dagsetning ársfundar LA liggur ekki enn fyrir og málefni þess eru því á bið.
3. Framkvæmdastjóri FEB fóru yfir starfsemi félagsins undanfarinna vikna. Sumarstarfið er tileinkað innanlandsferðum fyrir félagsmenn. Mikil aðsókn var í allar FEB-ferðir sumarsins og oft komust færri að en vildu. Ferðirnar heppnuðust allar mjög vel og barst skrifstofunni margar mjög góðar umsagnir. Enn á eftir að fara í tvær ferðir, en þá hafa FEB-ferðir boðið upp á 10 innanlandsferðir þetta árið.
4. Formaður ræddi málefni Múlabæjar/Hlíðabæjar og voru fulltrúar FEB skipaðir í þær stöður sem FEB ber að skipa í.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.30

  
Ingibjörg Óskarsdóttir  
Stjórnarformaður FEB

Fundargerð ritaði

Geir A. Guðsteinsson

  
Geir A. Guðsteinsson